

1936

Fimmtudaginn 4. nóvember 1993.

Nr. 411/1990. **Herbert Halldórsson og
Ólafur Jökull Herbertsson**

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

Mótun hf.

(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.).

Bifreiðar. Skaðabætur. Aðild. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. nóvember 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 29. október s. á. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfum stefnda, en til vara verulegrar lækkunar á þeim.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð yfirlýsing Helga Númasonar, löggilts endurskoðanda, dagsett 29. maí 1991, þar sem fram kemur, að Regin Grímsson, framkvæmdastjóri stefnda, hafi selt félaginu bifreið þá, sem um ræðir í málinu, 26. október 1987. Einnig hefur verið lagt fram í Hæstarétti ljósrit skattframtals Regins Grímssonar 1988, þar sem gerð er grein fyrir þessari sölu bifreiðarinnar.

Áfrýjendum hefur ekki tekist sönnun þess, að í umráðum áfrýjandans Herberts yfir bifreiðinni G-23748 hafi falist heimild til að ráðstafa henni í hendur syni sínum, Ólafi Jökli, sem var 17 ára og öðlaðist ökurétt mánuði áður en hann velti bifreiðinni í akstri á Úlfarsfellsvegi. Akstur hans á bifreiðinni var því gagnvart stefnda í áhættu og á ábyrgð beggja áfrýjenda.

Ófarnaður áfrýjandans Ólafs Jökuls við akstur bifreiðarinnar umrætt sinn verður rakinn til þess, að hann hafi ekki ekið með nægri gætni og fyrirhyggju. Á hinn bóginn er ekki leitt í ljós, að um hafi verið að kenna bilun í bifreiðinni eða vanbúnaði. Verður því að meta honum tjónið á bifreiðinni til óskiptrar sakar.

Samkvæmt þessu bera áfrýjendur in solidum bótaábyrgð á öllu

tjóni stefnda, og þar sem fallast má á mat héraðsdómara á tjóninu, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Rúmar sex vikur liðu frá munnlegum málflutningi og dómtöku í héraði, uns dómur var kveðinn upp. Er engin skýring á því gefin í dóminum. Ber að átelja þenna drátt.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Herbert Halldórsson og Ólafur Jökull Herbertsson, greiði stefnda, Mótun hf., 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 21. júní 1990.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. maí sl., hefur Mótun hf. 410177-0339, Dalshrauni 4, Hafnarfirði, höfðað með stefnu, birtri 15. 2. 1989, og framhaldsstefnu, þingfestri 9. 11. 1989, á hendur Herbert Halldórssyni, kt. 161048-2169, Lágholt 13, Mosfellsbæ, og Ólafi Jökli Herbertssyni, kt. 290971-4469, s. st.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda 430.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Af hálfu stefndu er þess aðallega krafist, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, en til vara er þess krafist, að stefnukröfur verði verulega lækkaðar. Þá er þess krafist, að hvorum stefndu verði dæmdur málskostnaður [...].

Sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

II.

Málavextir eru þeir, að stefndi Herbert var starfsmaður stefnanda, m. a. í október 1988, er atburður sá varð, er mál þetta er sprottið af. Stefndi Herbert er búsettur í Mosfellsbæ, og þurfti hann því að sækja vinnu um langan veg til Hafnarfjarðar. Stefndi lét stefnda Herbert í té afnot bifreiðarinnar G-23748, sem er Mazda 626, árgerð 1985. Um var að ræða almenn afnot stefnda Herberts af bifreiðinni, aðallega þó til að komast í og úr vinnu.

Hinn 27. 10. 1988 fékk sonur stefnda Herberts, stefndi Ólafur Jökull,

bifreiðina lánaða hjá föður sínum. Hann ekur austur Úlfarsfellsveg, en skammt fyrir austan Fells múla missir hann vald á bifreiðinni með þeim afleiðingum, að hún lenti út af veginum og valt 3/4 úr veltu og hafnaði á hægri hlið. Samkvæmt lögregluskýrslu, sem gerð var um óhappið, varð það á malbornum vegi, þar sem var mjög mikil lausamöl. Þá segir í lögregluskýrslunni, að bifreiðin hafi verið á slitnum sumarhjólborðum. Stefndi Ólafur Jökull kveðst hafa ekið á 50 km hraða m. v. klst. umrætt sinn, og er hann hafi hægt á ferðinni, hafi bifreiðin tekið að renna til, og við það hafi hann misst vald á henni með fyrrgreindum afleiðingum. Í lögregluskýrslu er vitnað til ónafngreinds vitnis, sem kvað stefnda Ólaf Jökul ekki hafa ekið nema á 45-50 km hraða m. v. klst. umrætt sinn. Að mati tjónskoðunarmanns tryggingafélagsins Ábyrgðar hf., dagsettu 6. 1. 1989, var áætlaður kostnaður við viðgerð á bifreiðinni vegna þeirra skemmda, sem hún varð fyrir í óhappinu, áætlaður 416.935 kr. Í rekstri málsins, 5. 5. 1989, óskaði stefnandi eftir dómkvaðningu matsmanns til að meta eftirfarandi:

- „1. Hvert var verðmæti bifreiðarinnar G-23748 fyrir tjónið?
2. Hvað kostar að gera við bifreiðina?
3. Hvert er verðmæti bifreiðarinnar í núverandi ástandi?
4. Hverjar eru hæfilegar fébætur fyrir hvern dag, sem umbj. minn verður af afnotum bifreiðarinnar?“

Hinn 19. 5. 1989 var Jón Sigvaldason bifreiðasmiður dómkvaddur af bæjarfógetanum í Hafnarfirði til að vinna umbeðið mat. Í skriflegri matsgerð matsmannsins, dagsettri 18. 8. 1989, kemst hann að eftirfarandi niðurstöðu um ofangreindar fjórar spurningar matsbeiðanda:

- „1. Við könnun á þessum lið reyndist meðalgangverð miðað við staðgr. hafa verið, þegar óhappið varð, kr. 430.000.

2. A. Áætluð vinna 145 klst. á 1.500 kr. (með talið verkfæragj. og sölusk.). Liður þessi er áætlaður kr. 217.500
- B. Nýir varahlutir með söluskatti — 138.317
- C. Áætl. almálun bifr. m/söluskatti — 125.000
- D. Áætl. verkstæðisefni, akstur o. fl. — 10.000

Alls kr. 490.817

3. Áætlað kr. 50.000 skv. fyrirleggjandi tilboði frá starfandi bílapartasölu.
4. Hér þykir rétt að miða við daggjöld þau, er tryggingafélög greiða vegna afnotamissis bifreiðar, en þau voru 700 kr. á dag til 22. maí 1989, en frá þeim tíma 850 kr., sem munu notuð sem viðmiðunarmörk í dag.“

Matsmaðurinn staðfesti matsgerðina við aðalmeðferð málsins.

Við aðalmeðferð málsins upplýsti forsvarsmaður stefnanda, að fengist hefðu 100.000 kr. fyrir bifreiðina, eins og ástand hennar var eftir umferðar-óhappið.

Upplýst var við aðalmeðferð málsins, að skráður eigandi bifreiðarinnar á slysdegi var Regin Grímsson, forsvarsmaður stefnanda. Þær upplýsingar koma og fram í lögregluskýrslu á dskj. 3.

Í greinargerð stefndu er því haldið fram, að stefnanda hafi verið kunnugt um, að stefndi Ólafur Jökull hafi oftsinnis ekið bifreiðinni, fært hana til viðgerðar og eins tekið bifreiðina og þrifið hana og þá náð í bifreiðina í starfsstöð stefnanda. Þessi afnot stefnda Ólafs Jökuls hafi verið liðin athugasemdalaust, enda í þágu stefnanda, að bifreiðin sætti góðri umhirðu.

Af hálfu stefnanda er því vísað á bug, að stefnandi hafi vitað um afnot stefnda Ólafs Jökuls af bifreiðinni og að stefnandi hafi heimilað öðrum en stefnda Herbert notkun hennar.

Fyrir liggja gögn í málinu um, að bifreiðin hafi aðeins verið tryggð ábyrgðartryggingu, en ekki húftryggð.

III.

Af hálfu stefnanda er bótakrafa sundurliðuð þannig, að miðað sé við mat matsmanns skv. tl. 1 í matsgerð, 430.000 kr. Frá þeirri fjárhæð séu dregnar þær 100.000 kr., sem fengust fyrir bifreiðina. Sé því krafist 330.000 kr. fyrir bifreiðina auk 100.000 kr. fyrir afnotamissi og annað óhagræði, sem sundurliðist þannig, að krafist sé 700 kr. á dag í fjóra mánuði fyrir afnotamissi, alls 84.000 kr., og 16.000 kr. vegna annars óskilgreinds tjóns eða óþæginda, sem stefnandi hafi orðið fyrir. Stefnumfjárhæðin sé því 430.000 kr. með vöxtum, eins og krafist sé.

Stefnandi styður málsókn sína því, að stefndu hafi með skaðabótaskyldum hætti valdið sér tjóni, sem þeim beri að bæta sér in solidum, stefndi Herbert með því að lána syni sínum bifreiðina án heimildar, en stefndi Ólafur Jökull með því að aka með ógætilegum hætti og stórskemma þar með bifreiðina. Sameiginlega hafi stefndu valdið stefnanda tjóni hans.

Dómkröfur sínar reisir stefnandi á almennum reglum skaðabótaréttar, sérstaklega saknæmisreglu, reglum kröfuréttar og 16. kapítula Jónsbókar frá 1281: Um ábyrgð á láni (sic) o. s. frv.

Af hálfu stefndu eru dómkröfur studdar því, að stefnanda hafi verið kunnugt um notkun Ólafs Jökuls á bifreiðinni og látið átölulausa. Þá verði kröfur um bætur úr hendi stefnda Herberts eigi hafðar uppi á grundvelli saknæmisreglunnar, þar sem handhöfn hans á bifreiðinni hafi verið samningsbundin. Stefndi Herbert hafi og mátt treysta því, að bifreiðin væri húftryggð, a. m. k. væri tryggingaleysi á ábyrgð stefnanda. Þá er sýknukrafa stefnda Ólafs m. a. reist á aðildarskorti skv. 45. gr. laga nr. 85/1936.

Handhöfn stefnda Ólafs Jökuls verði leidd til föður hans, meðstefnda, en ekkert réttarsamband sé milli stefnda Ólafs Jökuls og stefnanda. Þá verði tjónið á bifreiðinni ekki rakið einvörðungu til ógætilegs aksturs stefnda Ólafs Jökuls, en í lögregluskýrslu standi, að meginorsök slyss hafi verið vanbúnaður bifreiðarinnar, þ. e. slitin dekk, og lausamöl, og sé því um óhappatilvik að ræða, sem enginn beri ábyrð á. Þá er sýknukrafa á því reist, að ætlað tjón stefnanda sé ósannað. Matsmaður hafi verið einn, og ekki verði séð, að hann hafi staðreynt einstaka þætti. Í munnlegum málflutningi reistu stefndu sýknukröfur sínar á aðildarskorti skv. 45. gr. eml., með því að í ljós hafi komið, að stefnandi hafi ekki verið skráður eigandi bifreiðarinnar umrætt sinn, heldur Regin Grímsson, forsvarsmáður stefnanda.

Kröfur sínar um lækkun stefnukrafna styðja stefndu auk framangreindra sjónarmiða um sýknukröfu, að líklegasta skýring óhappsins sé vanbúnaður bifreiðarinnar, og komi því sterklega til greina að skipta sök. Þá sé það meginregla í skaðabótarétti, að heimilt sé að færa bætur niður vegna ungs aldurs tjónvalds, en stefndi Ólafur Jökull hafi aðeins verið 17 ára, er óhappið varð, og nýkominn með ökuréttindi, en stefnandi sé velmegandi fyrirtæki.

Í munnlegum málflutningi mótmælti stefnandi þeirri málsástæðu stefndu, að sýkna bæri þá vegna aðildarskorts, þar sem stefnandi hefði ekki verið skráður eigandi bifreiðarinnar, sem of seint fram kominni. Þar að auki skipti ekki máli, hver sé opinberlega skráður eigandi bifreiðarinnar, heldur hitt, hver sé raunverulegur eigandi, en það sé stefnandi, sbr. fram lagða ársreikninga stefnanda. Þá upplýsti lögmaður stefnanda, að krafan á hendur stefnda Herbert væri byggð á skaðabótareglum innan samninga, en á skaðabótareglum utan samninga gagnvart stefnda Ólafi Jökli.

Lögmaður stefndu taldi óheimilt að sækja þá feðga í máli þessu á grundvelli ólíkra málsástæðna. Grundvallarregla sé, að menn, sem sóttir séu saman í máli, skuli sóttir með sömu málsmeðferð, þ. e. byggja verði á sama grundvelli.

IV.

Niðurstaða dómsins.

Óumdeilt er í máli þessu, að stefndi Herbert hafði umrædda bifreið til almennra afnota, og var það liður í starfskjörum hans hjá stefnanda. Ósannað þykir á hinn bóginn, að honum hafi verið heimilt án sérstaks leyfis stefnanda að fela öðrum akstur bifreiðarinnar. Ósannað þykir gegn eindreginni neitun forsvarsmanns stefnanda, Regins Grímssonar, að stefnandi hafi verið kunnugt um afnot stefnda Ólafs Jökuls af bifreiðinni. Dómurinn telur því, að stefndi Herbert hafi brotið óskráðan samning sinn um afnot bifreiðarinnar með því að leyfa stefnda Ólafi Jökli að aka henni.

Dómurinn telur samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu, og því, sem upplýst hefur verið í rekstri þess, að orsök umrædds óhapps megi bæði rekja til óvarlegs aksturs stefnda Ólafs Jökuls, sem nýkominn var með bifreiðarstjóraréttindi og bar því að haga akstri sínum miðað við reynsluleysi sitt, og eins hins, að bifreiðin var vanbúin til aksturs, þar sem hún var á slitnum sumarhjólborðum. Samkvæmt 59. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber eigandi eða umráðamaður bifreiðar ábyrgð á því, að bifreið sé í lögmætu ástandi. Þá ber ökumanni bifreiðar og að gæta þess, að bifreið sé í góðu lagi. Þótt aðila greini á um, hver annast hafi átt viðhald umræddrar bifreiðar, telur dómurinn ótvírætt af því, sem fram hefur komið í málinu, að stefndi Herbert hafi verið umráðamaður bifreiðarinnar í skilningi nefndrar 59. gr. umferðarlaga, og bar hann því ábyrgð á því, að bifreiðin væri í lögmætu ástandi. Þá bar stefnda Ólafi Jökli einnig að gæta þess, að svo væri.

Samkvæmt framanskráðu er það niðurstaða dómsins, að stefndu séu bótaskyldir gagnvart stefnanda vegna þess tjóns, er hann varð fyrir vegna skemmdanna á bifreiðinni í nefndu umferðaróhappi, stefndi Herbert með því að fela stefnda Ólafi Jökli akstur bifreiðarinnar án heimildar frá stefnanda og stefndi Ólafur Jökull á grundvelli almennu skaðabótaðreglunnar með því að valda tjóninu með gáleysislegum akstri, eins og að framan er rakið.

Við ákvörðun bótafjárhæðar fer dómurinn eftir mati dómkvadds matsmanns á verðmæti bifreiðarinnar fyrir óhappið að fráðregnu því verði, sem stefnandi fékk fyrir bifreiðina skemmda, þ. e. 430.000 kr. ÷ 100.000 kr. = 330.000 kr. Matinu var mótmælt af hálfu stefndu, en ekki hnekkst að mati dómsins.

Dómurinn telur stefnanda ekki hafa fært fram fullnægjandi rök fyrir kröfu sinni um 100.000 kr. vegna afnotamissis og annars tjóns. En með hliðsjón af því, að telja verður, að stefnandi hafi orðið fyrir nokkru tjóni vegna afnotamissis bifreiðarinnar verða honum ákvarðaðar bætur að álitum, og þykja þær eftir atvikum hæfilega ákveðnar 21.000 kr.

Samkvæmt þessu nema heildarbætur til stefnanda úr hendi stefndu 351.000 kr. Eins og atvikum er háttað, fellst dómurinn ekki á þá kröfu stefndu, að lækka beri bæturnar vegna aldurs og efnahags stefnda Ólafs Jökuls eða að stefnandi skuli bera hluta tjóns síns sjálfur.

Niðurstaða dómsins er því sú samkvæmt framanskráðu, að stefndu verða dæmdir til að greiða stefnanda óskipt 351.000 kr. með vöxtum, eins og í dómsorði greinin.

Málkostnaður, er stefndu greiði stefnanda óskipt, þykir hæfilega ákveðinn 80.000 kr., þ. m. t. matskostnaður.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Herbert Halldórsson og Ólafur Jökull Herbertsson, greiði stefnanda, Mótun hf., óskipt 351.000 kr. með 26,8% ársvöxtum af 330.000 kr. frá 28. 10. 1988 til 1. 11. s. á., 20,3% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 12. s. á., 18,10% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 1. 1989, 12,50% ársvöxtum frá þeim degi til 15. 1. s. á., 21,60% ársvöxtum af 351.000 kr. frá þeim degi til 1. 3. s. á., 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 4. s. á., 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 5. s. á., 38,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 6. s. á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 7. s. á., 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 9. s. á., 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 10 s. á., 38,4% ársvöxtum frá þeim degi til 9. 11. s. á., en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 80.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. matskostnaður.

Höfuðstólsfæra skal áfallna vexti á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 28. 10. 1989.

Málskostnaðarfjárhæðin ber dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
